

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík og Klifurfélag Reykjavíkur, kt. 410302-3810, Ármúla 23, 108 Reykjavík, gera með sér svofellda

VILJAYFIRLÝSINGU

um fyrirhugaðan aukinn rekstrarstuðning vegna varanlegs framtíðarhúsnæðis

Klifurfélag Reykjavíkur (hér eftir Klifurfélagið) er íþróttafélag sem hefur átt aðild að Íþróttabandalagi Reykjavíkur frá árinu 2004. Félagið sér um rekstur Klifurhússins og heldur úti æfingaaðstöðu fyrir klifrara allan ársins hring. Klifurfélagið heldur úti íþróttaskóla fyrir börn, er með öflugt barna- og ungmennastarf, fullorðinsstarf auk þess að vera með afreksstarf.

Síðustu ár hefur Klifurhúsið verið rekið í húsnæði við Ármúla 21 og 23. Frá árinu 2019 hefur Klifurfélagið verið í ítrekuðum og reglubundnum samskiptum við Reykjavíkurborg vegna húsnæðisvanda félagsins, sbr. fskj. X-X.

Klifurfélagið sendi íþrótta- og tómstundaráði fyrst beiðni um aðstoð við að komast í betra húsnæði þann 5. desember 2019. Var þess þá getið að leigusamningur félagsins vegna Ármúla 23 væri að renna út árið 2023 og að stærð húsnæðis væri farin að aftra frekari uppbyggingu félagsins og framgangi íþróttarinnar á Íslandi. Sambærilegt erindi var sent með bréfi, dags. 23. nóvember 2020, og fylgdi þá einnig þarfagreining.

Á fundi borgarráðs 3. september 2020 var samþykkt tillaga borgarstjóra um forgangsörðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja vegna stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til ársins 2030. Á lista yfir forgangsörðun verkefna var fjallað um aðstöðu fyrir jaðariþróttir. Í nóvember 2020 kynnti Íþróttabandalag Reykjavíkur samantekt um jaðariþróttamiðstöð í Reykjavík en þar var fjallað um að aðstaða jaðariþrótta væri lakari en annarra og sérstaklega fjallað um stöðu Klifurfélagsins. Þar segir m.a. að þarfagreining geri ráði fyrir að Klifurfélagið þurfi a.m.k. 2.500 fm. æfingaaðstöðu með a.m.k. 15m. háum leiðsluveggjum til að standast reglur um keppnir í Evrópu, grjótglímuaðstöðu og hraðaklifur keppnisvegg.

Þar sem engin ákvörðun varðandi framtíðarhúsnæði Klifurfélagsins hafði verið tekin árið 2022 ákvað Klifurfélagið að endurnýja leigusamning að húsnæði við Ármúla 23 til fimm ára og taka jafnframt á leigu viðbótarhúsnæði við Ármúla 21. Með erindi Klifurfélagsins, dags. 1. september 2023, til Reykjavíkurborgar var óskað eftir auknum rekstrarstuðningi og enn á ný ítrekuð beiðni um aðstoð við að finna félaginu varanlegt framtíðarhúsnæði fyrir starfsemina til lengri tíma.

Nú síðast var málið tekið fyrir á fundi Menningar- og íþróttaráðs, dags. 16. september 2025, en þá var til umræðu nýjasta erindi Klifurfélagsins sem sent var menningar- og íþróttaráði þann 16. september 2025. Í því erindi ítrekar Klifurfélagið enn á ný beiðni sína um aðstoð vegna húsnæðisvanda og bendir á að beiðni félagsins sem hafi fyrst verið sett fram fyrir fimm árum hafi ekki verið formlega svarað af hálfu borgarinnar. Í erindinu er sérstaklega óskað eftir því að borgin myndi skuldbinda sig til að styrkja félagið til að mæta leigukostnaði í nýju og stærra húsnæði, þegar núverandi leigusamningur rennur út.

Reykjavíkurborg er reiðubúin að lýsa yfir vilja til að styrkja Klifurfélagið með auknum rekstrarstyrk til að mæta auknum leigukostnaði Klifurfélagsins þegar félagið finnur sér varanlegt framtíðarleiguhúsnæði. Viljayfirlýsing þessi byggir á þeim forsendum sem kynntar hafa verið af fyrrsvarsmönnum Klifurfélagsins og eru hjálagðar viljayfirlýsingu þessari en samkvæmt þarfagreiningu félagsins telur félagið nauðsynlegt að varanlegt framtíðarhúsnæði verði eigi minna en 2.500 fm. og að hluti húsnæðis nái lofthæð sem nemur a.m.k. 15 m. hæð. Miðað við þær forsendur má ætla að rekstrarstuðningur Reykjavíkurborgar til Klifurfélagsins kunni að þurfa að þrefaldast til að þau áform félagsins geti náð

fram að ganga. Klifurfélagið telur að með bættri aðstöðu og stærra húsnæði geti starfsemi félagsins stækkað til muna og iðkenda fjöldi bæði barna og fullorðinna aukist. Má því vænta að þörf félagsins fyrir aukinn rekstrarstuðning verði mest til að byrja með eftir flutning í stærra varanlegt framtíðarhúsnæði en geti sætt endurskoðun og lækkun með hliðsjón af auknum tekjum félagsins á síðari stigum.

Vilyrði fyrir auknum rekstrarstuðningi felur ekki í sér skuldbindingu til að mæta auknum rekstrarkostnaði Klifurfélagsins að fullu. Af hálfu Reykjavíkurborgar er forsenda fyrir auknum rekstrarstyrk af hálfu Reykjavíkurborgar að ákvarðanir Klifurfélagsins varðandi varanlegt framtíðarhúsnæði, s.s. við ákvörðun fermetrafjölda og leiguverð, geti talist forsvanlegar að mati Reykjavíkurborgar.

Þar sem ekki liggur fyrir hvenær Klifurfélagið kemur til með að flytja í varanlegt framtíðarhúsnæði að mati Reykjavíkurborgar er viljayfirlýsing þessi gerð þess efnis að þegar að því kemur að félagið verður komið í slíkt húsnæði þá verði Reykjavíkurborg reiðubúin að auka rekstrarstuðning til félagsins. Viljayfirlýsing þessi er sett fram með fyrirvara um samþykki borgarráðs og um samþykkt fjárhagsáætlana fyrir auknum rekstrarstuðningi ár hvert og þarf hann að rúmast innan fjárhagsáætlana borgarinnar hverju sinni.

Viljayfirlýsing þessi tekur gildi þegar báðir aðilar hafa samþykkt hana með undirritun sinni og skal gilda í þrjú ár frá gildistöku.

Reykjavík, dags. XX.XX.2025

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Klifurfélags Reykjavíkur

Fylgiskjal (1): Bréf Klifurfélags Reykjavíkur til Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur, dags. 5. desember 2019

Fylgiskjal (2): Bréf Klifurfélags Reykjavíkur til Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur, dags. 23. nóvember 2020

Fylgiskjal (3): Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 – forgangsröðun við uppbyggingu mannvirkja, dags. 31. ágúst 2020.

Fylgiskjal (4): Kynning Íþróttabandalags Reykjavíkur, *Jaðariþróttamiðstöð í Reykjavík*, nóvember 2020.

Fylgiskjall (5): Erindi Klifurfélag Reykjavíkur til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, dags. 9. ágúst 2022.

Fylgiskjall (6): Erindi Klifurfélag Reykjavíkur til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, dags. 1. september 2022.

Fylgiskjall (7): Erindi Klifurfélag Reykjavíkur til menningar- og íþróttasviðs, dags. 3. september 2024.

Fylgiskjall (8): Erindi Klifurfélag Reykjavíkur til menningar- og íþróttaráðs, dags. 16. september 2025.